

Reglur Sýnar um ritstjórnarlegt sjálfstæði fréttastofu Stöðvar 2, Vísis og Bylgjunnar

í samræmi við 24. gr. fjölmiðlalaga 38/2011

1. gr.

Fréttastofa Stöðvar 2, Vísis og Bylgjunnar sinnir frétttaflutningi á miðlum Sýnar. Hún tekur mið af lýðræðislegum grundvallarreglum og leggur áherslu á sanngirni, hlutlægni og trúverðug vinnubrögð. Fréttastofa gætir þess að mismunandi sjónarhorn komi fram, bæði karla og kvenna.

2. gr.

Fréttastjóri hefur yfirumsjón með störfum fréttastofu og ber ábyrgð á frétttaflutningi. Hann hefur fyrir hönd fréttastofu fyrisvar gagnvart forstjóra og stjórnendum annarra eininga fyrirtækisins. Fréttastjóri gerir fjárhags- og framkvæmdaáætlun fréttastofu fyrir hvert ár, stýrir mannahaldi hennar og ráðstafar fjármunum sem veitt er til fréttastofu. Fréttastjóri og aðrir fréttamenn skulu í störfum sínum hafa í heiðri siðareglur Blaðamannafélags Íslands, starfsreglur fréttastofu og lög 38/2011 um fjölmiðla.

3. gr.

Eigendur, stjórn og starfsmenn Sýnar og fyrirtækja sem tilheyra samstæðunni skulu virða ritstjórnarlegt sjálfstæði fréttastofu. Þeim er bannað að beita sér í þágu sérhagsmuna gagnvart fréttastjóra eða einstaka fréttamönnum. Fréttastjóri skal tilkynna óeðlilegar tilraunir hagsmunaaðila til að hafa áhrif á frétttaflutning til aðallögfræðings Sýnar. Aðallögfræðingur skal halda samskiptaskrá um slíkar tilkynningar þar sem fram komi afstaða hans til móttakinna tilkynninga og eftir atvikum til hvaða ráðstafana gripið hafi verið til í kjölfarið.

4. gr.

Ef fréttamaður, þar með talinn fréttastjóri og aðrir stjórnendur á fréttastofu, er talinn hafa brotið siðareglur Blaðamannafélags Íslands, starfsreglur fréttastofu eða lög 38/2011 um fjölmiðla skal hann að jafnaði fá áminningu áður en gripið er til uppsagnar, nema brotið sé talið alvarlegt.

Staðfest af stjórn Sýnar 16 maí 2018



Xosvi Halvarsson
Hjörtur Pálsson

Jónas
G. Haraldsson